

HÚSÖNDIN

41.tbl. 1.árg.
21.nóv. 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 22.-28. NÓVEMBER



- 24.11 *Sólveig Hólmfríður Jónsdóttir, Marta Ciurzynska, Stefán Stefánsson
Helga María Halldórsdóttir*
- 25.11 *Sverrir Karlsson, Pétur Ingvi Gunnarsson*
- 26.11 *Finnur Sigfús Illugason, Dagný Hallgrímsdóttir*
- 27.11 *Hulda María Þorláksdóttir*
- 28.11 *Bogey Björk Gísladóttir*

Kæru sveitungar

Nú fer að koma að okkar árlegu skreytingum og eins og undanfarin ár afgreiðum við eftir pöntunum. Pantanir frá einstaklingum og fyrirtækjum þurfa að hafa borist fyrir kl.19:00 miðvikudaginn 28.nóvember hjá Sigu Jósa í síma 865-2005 eða Röggju í síma 863-2821.



Verð:

Krans kr. 7.500.

Kertaskreyting kr. 8.000.

Leiðiskross kr. 5.000.

Leiðisgrein kr. 2.500.

Þökkum stuðninginn

Slysavarnadeildin Hringur

VISSIR ÞÚ

AÐ Á SÍÐASTA ÁRI
FÓRU

218.000

GESTIR Í JARÐBÖÐIN
Í MÝVATNSSVEIT, SEM ER
JARÐHITAVATN ÚR
BJARNARFLAGI?



www.eimur.is



facebook.com/eimurNA



instagram.com/eimur_iceland

EIMUR



100 ára fullveldisafmæli Íslands

30 ára afmæli Framhaldsskólans á Laugum

Þann 1. desember verður aldarafmæli fullveldis á Íslandi. Framhaldsskólinn á Laugum varð einnig 30 ára núna í haust. Í tilefni af þessum afmælum bjóða sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit ásamt Framhaldsskólanum á Laugum til hátíðar- og skemmtidagskrár 1. desember n.k. kl. 14:00 í íþróttahúsinu á Laugum. Stjórnandi samkomunnar verður Una María Óskarsdóttir varapingmaður en hún ólst upp á Laugum.

Hátíðar- og skemmtidagskrá

1. Nemendur úr 9. bekk Þingeyjarskóla spila á marimbahljóðfæri
2. Kristjana Freydís Stefánsdóttir sigurvegari Tónkvíslar 2018 syngur lag og hljómsveit Laugaskóla spilar undir
3. Eyhildur Ragnarsdóttir nemandi í Stórutjarnaskóla leikur á þverflautu
4. Rannveig og Þórunn Helgadóttir nemandur í Stórutjarnaskóla flytja tvísöng
5. Ágúst Torfi Hauksson framkvæmdastjóri Norðlenska og Laugaskólastjórnunur flytur skemmtiræðu.
6. Arna Þóra Ottósdóttir nemandi í Reykjahlíðarskóla syngur lag við undirleik Ilonu Laido.
7. Samspil frá nemendum Reykjahlíðarskóla
8. Sólveig Þráinsdóttir sjúkrapjálfari og fyrrum Lauganemi flytur skemmtiræðu
9. Stefán Jakobsson, JAK, fyrrum Lauganemi og söngvari Dimmu tekur nokkur lög
10. Leiklistarnemendur Laugaskóla flytja söngatriði úr leikritinu Vælujóanum
11. Afhending afmælisgjafar
12. Karlakórinn Hreimur tekur nokkur lög

Eftir dagskrána býður Laugaskóli viðstöddum í afmæliskaffi í Gamla skóla og frá 16:00 verður ókeypis í sundlauginu á Laugum í boði Þingeyjarsveitar.



Skútustaðahreppur



Þingeyjarsveit

Fjölskyldudagskrá í Dimmuborgum og Jarðböðunum

Sunnudaginn 2. desember verður sérstök barnadagskrá í Mývatnssveit í tilefni fullveldisafmælisins í boði Skútustaðahrepps, Mývatnsstofu og Jarðbaðanna.

Dagskráin hefst kl. 11:00 í Dimmuborgum þar sem jólasveinarnir taka á móti gestum, spjalla um heima og geima, syngja og dansa. Svo er aldrei að vita nema að börnin fái einhvern glaðning.

Frá kl. 14:00 til 15:00 ætlar svo DJ Henri að koma okkur í jólaskapið þennan fyrsta sunnudag í aðventu og halda fjölskylduteiti í Jarðböðunum við Mývatn. Ókeypis verður Jarðböðin fyrir 12 ára og yngri, unglingar 13-15 ára greiða 1.000 kr. og fullorðnir 3.000 kr

Eigum góða stund saman á milli kl 11:00 og 15:00 sunnudaginn 2. desember í Mývatnssveit, töfralandi jólanna.

Undirbúningsnefndin



Kæru sveitungar 60 ára og eldri,

líkt og undanfarin ár viljum við bjóða ykkur að koma til okkar og eiga góða stund saman. Við bjóðum ykkur að koma á jólahlaðborð til okkar 1. desember kl. 18:30.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku fyrir 28. nóvember
í síma 464 4164.

Jólakveðja,
Starfsfólk Sel-Hótel Mývatns

Myndataka að eigin vali

Þar sem líður að jólum er upplagt að skella sér í myndatöku. Ég býð uppá einnar klukkustundar myndatöku með góðum búnaði og faglegum vinnubrögðum. Þú getur pantað tíma í síma: 844-9929 eða sent tölvupóst á marcinkozaczek@interia.pl Verð kr: 15.900 (6 útprentanir í stærð 13x18).

Kæru lesendur og viðskiptavinir

Húsöndin er borin út á fimmtudögum og föstudögum. Hún verður í fríi fyrstu vikuna í desember og svo yfir hátíðirnar. Útgáfudagar fram að áramótum eru því: 28.nóvember, 12. og 19.desember.

Kær kveðja, Arnþrúður



25% afsláttur af árskortum

Jarðböðin við Mývatn


Í Desember ætlum við í Jarðböðunum að bjóða upp á 25% afslátt af árskortum.

Ekki láta þetta frábæra tilboð framhjá þér fara.

Einstaklingskort : 26.250kr

Hjónakort : 31.500 kr

Fjölskyldukort : 33.750 kr




ALMENNUR FUNDUR FJÖREGGS

Þriðjudagskvöldið 27.nóvember 2018

Fuglasafnið kl.20:00

KYNNING Á UMHVERFISSÁLFRÆÐI PÁLL JAKOB LÍNDAL

Páll er með doktorspróf í umhverfissálfræði frá Háskólanum í Sydney. Hann er sérfræðingur í mati á sálfræðilegum áhrifum umhverfis á heilsu og vellíðan, hvort um er að ræða náttúru eða byggt umhverfi.



Páll hefur áralanga reynslu af skipulagsmálum og verkefnum er snúa að verndun byggingararfsins, s.s. uppmælingum og gerð húsakannana, auk þess að vinna að sálfræðilegum rannsóknum.

Við hvetjum alla til að mæta, rabba, fræðast og njóta samveru.

Stjórn Fjöreggs.

